



Eineltisáætlun grunnskóla Garðabæjar

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, þar sem einn eða fleiri níðast á einstaklingi sem á erfitt með að verjast.

Einelti felur í sér misbeitingu á valdi með þeim afleiðingum að þolanda líður illa og hann finnur til varnarleysis.

Einelti birtist í mörgum myndum, það getur verið:

Líkamlegt: Barsmíðar, spörk, hrindingar...

Munnlegt: Uppnefni, niðrandi athugasemdir, endurtekin stríðni...

Skriflegt: Neikvæð tölvu- og símasamskipti, krot, bréfasendingar...

Óbeint: Baktal, útskúfun, útilokun úr félagahópi...

Efnislegt: Eignum stolið, þær eyðilagðar...

Andlegt: Þvingun til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd og sjálfsvirðing...

Einelti fer oft fram þar sem enginn sér. Sá sem er lagður í einelti vill oft ekki segja frá því sem gerist svo hann hljóti ekki verra af. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis.



Forvarnir gegn einelti

Til þess að fyrirbyggja einelti þarf samstillt átak og ábyrgð nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla og umræður um eineltismál og afleiðingar þeirra eru nauðsynlegar. Allir þurfa að deila ábyrgð, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða.

Helstu forvarnir:

- skólinn setur sér ákveðin viðmið í samskiptum sem miða að því að allir starfsmenn skólans, nemendur og forráðamenn geti unnið eftir sömu gildum sem stuðla að jákvæðum samskiptum og góðum skólabrag
- nemendur þjálfast í að vinna í hópum og sýni tillitssemi, virðingu, ábyrgð, sveigjanleika og umburðarlyndi. Efla sjálfstraust og samkennd sem stuðlar markvisst að frekari þátttöku í lýðræðislegu samstarfi
- umsjónarkennari vinnur með nemendum þar sem bekkurinn setur bekkjarreglur. Haldnir eru reglulegir bekkjarfundir þar sem líðan, samskipti og hegðun er rædd
- umsjónarkennari fer reglulega yfir eineltisáætlun skólans sem og skólareglur/samskiptareglur með sínum bekk
- fagkennarar og aðrir starfsmenn noti þau tækifæri sem gefast til að ræða og þjálfa mikilvægi góðra samskipta
- stuðla markvisst að samvinnu heimilis og skóla
- á hverju ári er eineltisáætlun skólans kynnt fyrir nemendum og forráðamönnum þeirra á haustfundum. Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar hvetja til þess að forráðamenn hafi í huga viðmið varðandi afmælisboð og aðrar samkomur
- fræðsla um einelti fyrir forráðamenn s.s. í formi fyrirlestra og upplýsinga þar sem eineltisáætlun skólans er vel kynnt og sýnileg foreldrum t.d. á heimasíðu skólans
- eineltisáætlun skólans er kynnt í upphafi hvers skólaárs á starfsmannafundi þar sem hún er endurskoðuð og þau viðmið sem skólinn setur sér í samskiptum eru samræmd. Sú samræming er liður í forvörnum gegn einelti og öðru ofbeldi. Mikilvægt er að bjóða starfmönnum reglulega upp á fræðslu um málaflokkinn
- virk gæsla í frímínútum, skólahúsi og vettvangsferðum á vegum skólans
- niðurstöður úr Skólapúlslinum nýttar í vinnu gegn einelti. Lagt er til að Skólaskrifstofa Garðabæjar leggi fyrir reglulegar kannanir á umfangi eineltis og samskiptamála sem skólarnir geti nýtt í frekari vinnu
- skólinn nýti hinn árlega *Dag gegn einelti* til þess að vekja athygli á mikilvægi góðra samskipta með það að markmiði að vinna gegn einelti
- eineltisteymi skólans hittist að hausti og gerir áætlun um forvarnir fyrir skólaárið og fundar reglulega
- eineltisteymi skólans er virkur þátttakandi í teymisvinnu „*Gegn einelti í Garðabæ*“ sem skipað er fulltrúum Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofsstaðaskóla og Sjúalandsskóla



Hugsanlegar vísbendingar um einelti:

Tilfinningalegar

- breytingar á skapi
- tíður grátur, viðkvæmni
- svefntruflanir, martraðir
- breyttar matarvenjur, lystarleysi - ofát
- lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði
- depurð, þunglyndiseinkenni, sjálfsvígshugsanir

Líkamlegar

- líkamlegar kvartanir t.d. höfuðverkur, magaverkur
- kvíðaeinkenni t.d. nagar neglur, stamar, kækir ýmis konar
- líkamlegir áverkar s.s. skrámur og marblettir sem barnið getur ekki útskýrt
- rifin föt og/eða skemmdar eigur

Félagslegar

- virðist einangrað og einmana
- fer ekki í og fær ekki heimsóknir
- fáir eða engir vinir og barnið vill ekki taka þátt í félagsstarfi

Hegðun

- óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst
- neitar að segja frá hvað amar að
- árásargirni og erfið hegðun

Í skóla

- hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið
- leggur fyrir eða seinna af stað í skólann en venjulega
- mætir iðulega of seint eða byrjar að skrópa
- forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- hættir að sinna náminu, einkunnir lækka, einbeitingarörðugleikar
- einangrar sig frá skólafélögum
- forðast að fara í frímínútur

Á heimili

- barnið neitar að fara í skólann
- dregur sig í hlé
- biður um auka vasapening
- týnir peningum og/eða öðrum eigum
- neitar að leika sér úti eftir skóla
- byrjar að leggja önnur börn eða systkini í einelti
- reynir að fá foreldra sína til að tala við kennarann, skólafélagana eða aðra foreldra
- verður niðurdregið eða órólegt eftir frí



Verði foreldrar eða starfsmenn varir við einhver ofangreindra einkenna eða önnur sem benda til að barninu líði illa er mikilvægt að kanna málið. Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að [tilkynna](#) það til umsjónarkennara.

Meðferð eineltismála í grunnskólum Garðabæjar

Ef grunur leikur á eða staðfesting liggur fyrir að [einelti](#) eigi sér stað er það skýr stefna grunnskólanna í Garðabæ að tekið sé á málinu strax.

Grun um einelti ber að tilkynna með formlegum hætti á [eyðublaði](#) sem finna má á heimasíðum grunnskóla Garðabæjar. Nauðsynlegt er að vitneskja um einelti berist til umsjónarkennara, námsráðgjafa eða stjórnenda skólans.

Umsjónarkennari og/eða sá starfsmaður sem fær vitneskju um einelti skal taka á málinu strax. Umsjónarkennari byrjar á að hafa samband við aðila úr eineltisteymi. Þeir hafa samráð um viðbrögð og aðgerðir.

Eineltismál eru mismunandi og fer vinna hvers máls eftir eðli þess. Meta þarf hvort um aðstæður sé að ræða þar sem hætta er á ferðum. Alltaf skal rannsaka málið.

Grunur um einelti

Viðbrögð:

- sá sem tekur við skriflegri tilkynningu kemur henni til eineltisteymis sem ákveður verkaskiptingu
- skráning hefst
- ábyrgðaraðili hefur samband við forráðamenn barns sem grunur leikur á að verði fyrir einelti, aflar frekari upplýsinga og greinir frá næstu skrefum. Áætlun er unnin í samráði við forráðamenn þolanda
- upplýsa starfsfólk skólans sem kemur að nemandanum
- afla upplýsinga og auka eftirlit í kennslustundum og frímínútum
- kanna líðan og bekkjaranda
- ræða við valda nemendur
- ef vinnsla málsins leiðir í ljós að ekki er um einelti að ræða er málinu lokið formlega með undirskrift foreldra og gerðar viðeigandi ráðstafanir eftir eðli málsins t.d. ef um samskiptavanda er að ræða



Einelti á sér sannanlega stað

Ef ljóst er að einelti hefur átt sér stað þarf að skipuleggja einstaklingsbundin viðtöl við þolanda, geranda og forráðamenn (5. gr. [Reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum](#))

Í öllum tilvikum er geranda gefin skýr skilaboð um **að einelti sé ekki liðið** og að skólinn muni með öllum ráðum leitast við að eineltinu ljúki.

Vinnulag í eineltismálum

- samstarf við forráðamenn ([5. og 7. gr.](#))
- almennt eru umsjónarkennari eða staðgengill hans ([7. gr.](#)) og aðili úr eineltisteymi skólans saman í viðtölum við bæði þolanda og geranda
- skólinn veitir viðeigandi stuðning við þolanda og geranda þar til máli lýkur
- gerð er áætlun um eftirfylgd
- þar sem það á við skal halda reglulega bekkjarfundi til að styrkja samskipti innan hópsins
- upplýsa skólasamfélagið
- ef um alvarlegt ofbeldi er að ræða er það tilkynnt til nemendaverndarráðs, Fjölskyldusviðs Garðabæjar, heilsugæslu eða lögreglu. Skóli gæti þurft að vísa geranda tímabundið úr skóla ([12. og 15. gr.](#))
- eineltismálum er lokið í samráði við forráðamenn með skriflegum hætti

Einelti heldur áfram

Ef aðgerðir bera ekki árangur þarf að fylgja málinu frekar eftir:

- frekari samvinnu og samráð við forráðamenn þolanda og geranda
- meira eftirlit, viðurlög
- vísa máli til nemendaverndarráðs sem kemur því í viðeigandi farveg
- brjóta upp gerendahóp
- einstaklingsmiðaða atferlismótun
- ráðgjöf hjá sálfræðingi/öðrum sérfræðingum
- tilkynning til Fjölskyldusviðs Garðabæjar
- tilkynning til lögreglu
- náist ekki sátt innan sveitarfélagsins má vísa málinu til fagráðs sem starfar á ábyrgð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins ([7. gr.](#))

Öll eineltismál, hvort sem um grun eða staðfestingu er að ræða, eru skráð á sérstakt eyðublað. Skráningin er liður í að hafa yfirsýn yfir eðli og umfang eineltismála í skólanum. Mikilvægt er að ljúka vinnu allra mála í samráði við forráðamenn með skriflegum hætti.